

Akureyrbær  
María Markúsdóttir  
Geislagötu 9  
600 Akureyri

Reykjavík, 29. september 2021  
UST202109-166/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Súluvegur og Miðhúsavegur - Akureyrbær**

Vísað er til erindis verkefnastjóra skipulagsmála hjá Akureyrbæjar er barst 17. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir stofnana- og athafnasvæði við Súluveg á Akureyri.

Í greinargerð kemur fram að afmörkun deiliskipulagsins nær til stofnanasvæðisins S36 og athafnasvæðisins AT13. Auk þess kemur fram að meginmarkmið verkefnisins er að afmarka lóð fyrir dýraspítala nyrst á svæði S36, skilgreina uppbyggingarheimildir á lóð Vegagerðarinnar til framtíðar og afmarka athafnalóðir á svæði AT13 með nákvæmum hætti og setja fram skilmála um uppbyggingu og umgengni á svæðinu.

#### **Fólkvangurinn í Glerárdal**

Umhverfisstofnun bendir á að skipulagssvæðið liggar í jaðri fólkvangsins í Glerárdal sem var friðlýstur 6. júní 2016.<sup>1</sup>

Meginmarkmiðið með friðlýsingu fólkvanga er að vernda landsvæði til útvistar og almenningsnota og skal verndunin taka mið af því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útvistar, náttúruskoðunar og fræðslu.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda Glerárdal og aðliggjandi fjalllendi til útvistar fyrir almenning, náttúruskoðunar og fræðslu. Friðlýsingin verndar auk þess land sem er að mestu ósnortið með fjölbreyttum jarðmyndunum og gróðurfari og er þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og breytileika jarðmyndana.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um fólkvanginn í tillögunni og það sé metið hver áhrif deiliskipulagsins eru á friðlýsingu fólkvangsins. Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að sett séu skilyrði um fyrirhugaða starfsemi á svæðunum þannig að hún rýri ekki verndargildi fólkvangsins. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að: „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar*

---


<sup>1</sup> <https://ust.is/natura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-eystra/folkvangur-i-glerardal/>

*Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“*



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson  
sérfræðingur